

1709249 Samþykktir um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar

Á fundi bæjarráðs 28. ágúst s. l. lagði áheyrnafulltrúi Viðreisnar Jón Ingi Hákonarson eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hvenær má vænta þess að lögð verði fram tillaga að breytingum á samþykktum um stjórn Hafnarfjarðar, sem Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið taldi nauðsynlegar, sbr. bréf ráðuneytisins frá 18. september 2019?
2. Hvers vegna hefur nýleg fyrirspurn ráðuneytisins til sviðsstjóra stjórnsýslusviðs um stöðu mála ekki verið lögð fram í bæjarstjórn?
3. Hefur fyrirspurn ráðuneytisins um stöðu mála verið svarað?
4. Hefur meirihlutinn ekki hugleitt að bregðast við og gera úrbætur á þeirri stöðu sem uppi er og hefur leitt til ógildingar á ákvörðunum sbr. t.d. úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála nr. 44/2019 (Gráhelluhraun)?

Svör:

1. Stefnt er að því að leggja fram tillögu að breytingu á samþykktum um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar að teknu tilliti til athugasemda samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á næsta fundi forsetanefndar til yfirferðar.
2. Ráðuneytið sendi fyrirspurn um stöðu mála í tölvupósti 22. júní s. l. Ekki er talin ástæða til að leggja slíkar fyrirspurnir fram á fundum bæjarstjórnar.
3. Tölvupóstinum var svarað samdægurs.
4. Með því að gera breytingar á samþykktum Hafnarfjarðarkaupstaðar til samræmis við athugasemdir ráðuneytisins er verið að gera úrbætur á þeirri stöðu sem nú er uppi.

Tekið saman af Sigríði Kristinsdóttur sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og bæjarlögmanni.